

Hitastigulsboranir kringum Hofsós

Kristján Sæmundsson

HITASTIGULSBORANIR KRINGUM HOFÓS

Í byrjun okt. 1991 voru boraðar 6 hitastigulsholur kringum Hofós (md.1). Holurnar eru 36-63 m djúpar. Ákveðið var að einskorða rannsóknina við um það bil 5 km rás kringum þorp-
ið.

Tvær af holunum byrja í grágrýti (Bær, Hof), hinar eru boraðar beint í blágrýti. Sumsstaðar voru efst nokkurra metra þykk lög, af lausaefnum og jökulruðningi. Holurnar voru hitamældar jafnóðum og þær voru boraðar. Enda þótt hitajafnvægi hefði ekki náðst svo skömmu eftir borun, var ljóst, að hitastigullinn var lágur og lítil eða engin von um jarðhitakerfi innan þess svæðis sem tekið var fyrir.

Holurnar voru mældar aftur í ágúst s.l. sumar til að fá endanlega niðurstöðu um hitastigullinn. Mælt var á 2 m bili. Mæliferlarnir eru sýndir á myndum 2-7. Hitaferill úr Ártúnsholunni fylgir (md.8). Aðeins tvær af holunum sýna ótruflaðan hitastigul frá vatnsborði til botns, þ.e. holan í Gröf (Reykjarhóll) og holan í Mýrarkoti. Hinar eru truflaðar af vatnsrennsli, en í flestum fæst þó ákvarðanlegur stigull neðan vatnsæðanna. Aðeins í Hofsholunni er vatnsæðin niður undir botni, þannig að stigull í henni er tæpast marktækur.


Hitastigull á svæðinu er fremur jafn, yfirleitt á bilinu 60-70°C/km, og er það í samræmi við ótruflaðan stigul í þessum landshluta. Bæjarholan sýnir áberandi lægstan stigul, 41°C/km. Grágrýti og setlög í þeirri holu ná niður í 35 m og það er þar fyrir neðan sem stigullinn reynist svona lágur. Skýringin hlýtur að vera hálfkalt vatnskerfi eitthvað dýpra. Hæstur stigull fannst í Hofsh- og Grafarholunni gegnt Nýlendi, 74°C/km. Úr báðum er smárennsli, meira úr holunni gegnt Nýlendi, um 1 l/s. Stigullinn er þó hvergi nærri nógu hár til að ýta undir nánari leit. Til þess hefðu þurft að sást gildi vel yfir 100°C/km. Vatnskerfin sem fram komu í báðum holunum breyta þessu ekki þar sem hiti í þeim fellur nokkurn veginn á stigullinn.

Vilji menn huga nánar að jarðhitanytingu eða -leit fyrir Hofós og sveitirnar í kring, þarf að leita fjær en gert var í þessum áfanga. Í því sambandi beinast sjónir fyrst að Reykjahóli í Vesturfljótum þar sem, þegar hefir verið borað eftir heitu vatni. Jarðhitinn á Bræðraá hefur lítið verið kannaður, en það litla sem gert hefur verið, bendir til að hiti í kerfinu þar undir sé lágur.

Undirritaður telur fremur ólíklegt að mjög heitt jarðhitakerfi sé að finna í hóflegri fjarlægð frá Hofósi (>80° í minna en 15 km fjarlægð). Raunhæfara sé að gera sér vonir um 50-60° heit kerfi innan þeirrar fjarlægðar. Vatn með því hitastigi verður ekki leitt langan veg svo hagkvæmt þyki. Vegna sveitanna í kringum Hofós kæmi til greina að bora hitastigulsholur innst í byggðinni í Deildardal og sunnar í átt að Sleitubjarnarstöðum. Ung brotakerfi liggja yfir innanverða dalina (Una- og Deildardal) líklega þó of langt fyrir innan byggðina til að nýta vatn í þeim ef fyndist.

Kristján Sæmundsson


Kristján Sæmundsson



30° 29° 28° 27° 26° 25°

PELLE 4.25 MM.

66°00' 19°30'




AMS C762
First Edition-AMS

Scale 1:50,000

md 1


26 Aug 1992 ks
L= 49491 Oracle

Hofshreppur Gröf/ Reykjarhöll Hóla 1




26 Aug 1992 ks
L= 49492 Oracle

Hofshreppur Gröf/ Nýlendi Hola 2



28 Aug 1992 ks
L= 49481 Oracle


Hofshreppur Hof Hala 1



med 4


26 Aug 1992 ks
L= 49451 Oracle

Hofshreppur Sandfell Hola 1



☐ 28 Aug 1992 ks
L= 49471 Oracle


Hofshreppur Bær Hóla 1



malp

26 Aug 1992 ks
L= 49501 Oracle

Hofshreppur Ártún Hola 1



md 8

26 Aug 1992 ks
L= 49461 Oracle

Hofshreppur Mýrarkot Hala 1

